

Alþingi
Nefndasvið
v/Austurvöll
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 08. nóvember 2013
2013110005

Efni: Tillaga til þingsályktunar um landsnet ferðaleiða, 122. mál á 143. löggjafarþingi

Óskað var eftir umsögn Bændasamtaka Íslands um þingsályktunartillöguna með tölvubréfi frá nefndasviði Alþingis, dags. 5. nóvember 2013.

Lagt er til innanríkisráðherra, iðnaðar- og viðskiptaráðherra og umhverfis- og auðlindaráðherra verði falið að hefja nú þegar í sameiningu vinnu við skipulagningu og kortlagningu leiða- og þjónustukerfis fyrir ferðamenn sem ferðast um landið fótgangandi, á reiðhjólum eða á hestum þannig að til verði eitt samtengt landsnet ferðaleiða. Í greinargerð með þingsályktunartillögunni kemur fram að fyrirsjáanlegt sé að haft verði öflugt samráð við tiltekna aðila vegna undirbúnings verkefnisins og í dæmaskyni nefnd hin ýmsu fyrirtæki og samtök. Það er mjög mikilvægt er að haft verði í huga að margar þessara umræddu gönguleiða liggja um jarðir í einkaeigu. Um þá sem haft skal samráð við eru í dæmaskyni nefnd Landssamtök hestamannafélaga (sic) en Bændasamtökin telja eðlilegt að þegar um er að ræða jafn umfangsmikið verkefni sem snertir í mörgum tilvikum, og e.t.v. flestum tilvikum, m.a. jarðir í einkaeigu og/eða þar sem búskapur er stundaður að haft verði samráð við Bændasamtökin, ekki einungis vegna undirbúnings verkefnis af þessu tagi heldur einnig við vinnuna sjálfa.

Bændasamtökin hvetja til þess að allar hugmyndir um kortlagningu göngu- og reiðleiða verði ekki ræddar nema að höfðu samráði við heimamenn á hverjum stað. Þetta er mjög mikilvægt og Bændasamtökin leggja áherslu á að haft verði samráð við bændur sem kunna að hafa hagsmuni af mögulegri kortlagningu göngu- og reiðleiða um lönd þeirra, þegar allar hugmyndir af þessu tagi eru ræddar. Það er ófrávikjanlegt skilyrði að kortlagning göngu- og reiðleiða um jarðir í einkaeigu þar sem búskapur er stundaður hafi ekki takmarkandi áhrif á búskap á nærliggjandi svæðum og að ekki verði gengið á stjórnarskrárvarinn eignarrétt landeigenda. Bændasamtökin leggja þunga áherslu á, að sem mest samráð verði haft við bændur og félög bænda í þegar leiðir um jarðir þeirra eru skipulagðar og eftir atvikum að samþykki þeirra verði áskilið.

Í c.-lið 3. mgr. 1. gr. laga nr. 60/2013, um náttúruvernd, sem reyndar munu að óbreyttu ekki taka gildi hinn 1. apríl 2014 eins og fyrirhugað var, kemur m.a. fram að lögin eigi að stuðla að almennri útivist í sátt við náttúruna. Það hlýtur að vera eðlilegt að almenn útivist sé stunduð í sátt við umráðamenn landsins einnig. Ákvæði nógildandi laga um náttúruvernd ganga að vissu leyti á stjórnarskrárvarinn réttindi landeigenda og þess vegna eðlilegt að útivist sé ekki einungis stunduð í sátt við náttúruna heldur einnig bændur. Bændur eru vörslumenn landsins og stunda þar atvinnurekstur. Bændasamtökin leggja ríka áherslu á að almenningur sem stundar útivist á landi í einkaeigu virði skyldur sem slíkri nýtingu fylgja og einnig rétt landeigenda til ráðstöfunar og nýtingar á landinu.

Í 22. gr. nógildandi laga um náttúruvernd er svo fjallað um skipulegar hópferðir í atvinnuskyni. Þar segir að þegar skipulagðar eru hópferðir í atvinnuskyni um eignarlönd skuli hafa samráð við eiganda lands eða rétthafa um umferð manna og dvöl á landi hans. Það er ástæða til þess að nefna að hópferðir af þessu tagi, s.s. skipulagðar hestaferðir eða gönguferðir, valda miklu álagi, og þar af leiðandi tjóni, á landi í einkaeigu og þar sem búskapur er stundaður. Skipuleggjendur hópferða af þessu tagi hafa tekjur af því að fara með ferðamenn um land í eigu annarra sem fá ekkert í staðinn en verða oft á tíðum fyrir kostnaði vegna viðhalds eða lagfæringa á vegum, slóðum, girðingum og öðru slíku. Þetta álag kemur að öllum líkindum til með að aukast á komandi árum og þess vegna nauðsynlegt að skilgreina með ítarlegri hætti hvernig skuli farið með samskipti þeirra sem skipuleggja hópferðir af þessu tagi í atvinnuskyni, og eigenda lands. Það er mikilvægt að framangreint sé haft í huga þegar hugmyndir af þessu tagi eru ræddar og að unnið verði samhliða að leiðbeiningum til ferðamanna og fyrirtækja í ferðaþjónustu um réttindi og skyldur þeirra sem varða ferðir þeirra um land í einkaeigu.

Kortlagningu gönguleiða um land í einkaeigu þarf að framkvæma í samráði við landeigendur og gæta þess að hún samrýmist nýtingu þeirra og hagsmunum en mikil hættu er á því að bæði búfé styggist og land troðist niður þegar umferð verður mikil - og stundum þarf ekki til þess mikla umferð. Þá verða landeigendur og bændur að hafa möguleika til þess að takmarka umferð um land sitt og þeir hljóta að áskilja sér rétt til þess.

Það er eðlileg og réttmæt krafa að samráð verði haft, og eftir atvikum verði samþykki áskilið, við landeigendur þegar göngu- og reiðleiðir eru skipulagðar, kortlagðar og kynntar fyrir ferðamönnum með skipulögðum hætti á vegum stjórnvalda.

Bændasamtök Íslands leggja gegn samþykkt þingsályktunartillögunnar eins og hún liggur fyrir.

Virðingarfyllt
f.h. Bændasamtaka Íslands

Elías Blöndal Guðjónsson